



Fjölbrautaskólinn  
í Breiðholti

## Ársskýrsla 2012



Útskriftarnemendur FB í maí 2012

## 1. Hlutverk og skipulag

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti starfar samkvæmt lögum nr. 80/2008 um framhaldsskóla. Hlutverk skólans er kennsla á bók-, list- og verknámsbrautum og eru lokapróf frá skólanum stúdentspróf af félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut, íþróttabraut og viðskipta- og hagfræðibraut, stúdentspróf að loknu starfsnámi, próf í húsasmíði, rafiðngreinum og snyrtifræði, lokapróf af sjúkraliðabraut, stúdentspróf af listnámsbrautum (myndlistarkjörsviði og textíl- og handmenntakjörsviði), svo og próf eftir árs nám á handíðabraut. Á sviði námsstuðnings býður skólinn fjögurra ára nám á starfsbraut, nám á innflytjendabraut og framhaldsskólabraut. Nám á námsbrautum FB er rekið í dagskóla, og kvöldskóla. Auk þess býður skólinn nám í Sumarskóla FB í júnímánuði ár hvert. Rekstrarfé skólans ákvarðast af fjárheimildum Alþingis, utan að kostnaður við nám í Sumarskólanum er greiddur af nemendum.

## 2. Fjöldi nemenda á brautum og fjöldi útskrifaðra

Nemendur skólans skiptust þannig á brautir undangengin þrjú ár:

Fjöldi nemenda eftir brautum									
Tegund náms	2010V	2010H	2010	2011V	2011H	2011	2012V	2012H	2012
<b>Námsstuðningur</b>			6,4%			8,6%			9,7%
Framhaldsskólapróf		49		49	70		55	41	
Innflytjendabraut	38	44		38	43		55	64	
Starfsbraut	31	32		32	33		33	34	
<b>Nám til stúdentsprófs</b>			38,5%			38,3%			38,9%
Félagsfræðabraut	252	265		271	279		269	271	
Málabraut	50	43		40	42		44	50	
Náttúrufræðibraut	111	125		110	121		99	108	
Íþróttabraut	116	132		135	157		147	139	
Upplýsinga- og tæknibraut	4	1		1	1		1	1	
Viðskiptabrautir	34	32		19	9		2	1	
<b>Iðn- og verknám</b>			32,0%			29,4%			27,7%
Húsasmíðabraut	89	88		69	73		56	58	
Rafiðnir	110	127		112	115		84	95	
Sjúkraliðanám	79	84		68	84		75	82	
Snyrtibraut	167	178		164	185		150	162	
Nám að loknu starfsnámi	23	23		21	18		27	19	
<b>Listnám</b>			18,2%			18,8%			19,4%
Handíðabraut	71	82		67	77		73	76	
Listnámsbraut	193	204		209	229		213	202	
<b>Annað nám</b>			5,0%			5,0%			4,4%
Ótilgreint nám	5	9		17	14		13	15	
Almenn námsbraut	74	63		64	59		51	48	
<b>Samtals</b>	<b>1447</b>	<b>1581</b>	<b>100%</b>	<b>1486</b>	<b>1609</b>	<b>100%</b>	<b>1447</b>	<b>1466</b>	<b>100%</b>
Nemendur í leyfi	49	50		58	52		45	45	
<b>Fjöldi virkra nemenda</b>	<b>1398</b>	<b>1531</b>		<b>1428</b>	<b>1557</b>		<b>1402</b>	<b>1421</b>	
Nemendur í kvöldskóla	530	373		523	639		589	624	
<b>Samtals í skólanum</b>	<b>1928</b>	<b>1904</b>		<b>1951</b>	<b>2196</b>		<b>1991</b>	<b>2045</b>	

Aukning er á sviði námsstuðnings (3,3%) og í listnámi (1,2%) síðustu þrjú árin. Á sama tíma hefur verknámsnemendum fækkað nokkuð (-4%).

Útskriftir úr skólanum skiptust þannig á milli brauta árin 2009, 2010, 2011 og 2012:

Tegund prófs	V09	H09	V10	H10	V11	H11	V12	H12
Stúdentspróf af félagsfræðabraut	27	23	19	28	39	37	29	32
Stúdentspróf af íþróttabraut	3	5	4	4	6	4	9	8
Stúdentspróf af málabraut	6	4	1	2	3	5	6	8
Stúdentspróf af náttúrufræðibraut	4	10	7	8	11	13	13	9
Stúdentspróf af upplýsinga- og tækniabraut	4	2	1	0	1	0	1	
Stúdentspróf af viðskipta- og hagfræðibraut	5	3	7	3	4	6	2	1
Stúdentspróf af handmenntabraut	4	1	10	5	12	7	5	3
Stúdentspróf af myndlistarbraut	14	7	15	9	15	11	27	13
Þrjú ára myndlistarbraut					1	0	1	
Handiðabraut 1 ár	11	1	2		2	2		1
Sjúkraliðar	16	13	21	36	17	18	19	13
Burtfararpróf af snyrtibraut	7	8	6	13	11	10	11	13
Burtfararpróf af húsasmiðabraut	13	12	18	18	20	15	15	28
Burtfararpróf af rafvirkjabraut	35	7	16	23	22	13	14	15
Stúdentspróf að loknu starfsnámi	16	18	22	26	24	24	28	20
Starfsbraut	4	0	5	0	5	0	6	0
<b>Samtals lokapróf</b>	<b>169</b>	<b>114</b>	<b>154</b>	<b>175</b>	<b>193</b>	<b>165</b>	<b>186</b>	<b>164</b>

Heildarfjöldi útskrifaðra er svipaður og fyrri ár. Hið sama gildir um hlutfall útskrifta af einstökum sviðum skólans, þar breytist ekki margt..

Skipting útskrifaðra frá FB eftir gerð náms 2009-12								
Bóknám, listnám, verknám	Fjöldi				Hlutfall útskrifaðra			
	2009	2010	2011	2012	2009	2010	2011	2012
Bóknámsstúdentspróf	96	84	129	118	33,9%	25,5%	36,0%	33,7%
Listnám (lýkur yfirl. með stúdentsprófi)	38	41	50	50	13,4%	12,5%	14,0%	14,3%
Verknám (og stúdentspróf að því loknu)	145	199	174	176	51,2%	60,5%	48,6%	50,3%
Starfsbraut (í sérdeild)	4	5	5	6	1,4%	1,5%	1,4%	1,7%
<b>Samtals</b>	<b>283</b>	<b>329</b>	<b>358</b>	<b>350</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

### 3. Starfsemi

Almennt var á rekstrarárinu unnið í anda markmiðssetningar í stefnu sem sett var fram árið 2010, en meginmarkmiðin voru þau að:

- *Nám og kennsla í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti standist strangar gæðakröfur*
- *Lögð verði rækt við félagsþroska nemenda og ábyrgð á eigin velferð*
- *Nemendur þekki skyldur sínar og beri ábyrgð á eigin námi*
- *Fram fari skoðun á námsframboði og námsuppbyggingu*
- *Námsstuðningur við nemendur verði aukinn*
- *Styrkja þarf tengsl skólans við ytri hagsmunaaðila og íslenskt samfélag*

- *Fagleg stöðþjónusta skólans verði efl*
- *Aðstaða Fjölbautaskólans í Breiðholti verði gjörnýtt í þágu menntunar og uppeldis*
- *Stjórnun skólans verði traust og nútímaleg.*

Unnið er samkvæmt skipuriti sem tók gildi haustið 2010. Vorið 2012 voru stöður fagstjóra, sviðsstjóra og rekstrarstjóra auglýstar á ný og ráðið til tveggja ára. Jafnframt var voru tveir kennarar ráðnir til eins árs, hvor í fjórðungs stöðuhlutfall í að styðja við félagsstörf nemenda. Á hausti var að auki ráðinn forvarnarfulltrúi í 10% starf.

Á vorönn 2012 var lokið starfsmannasamtölum, sem hófust í upphafi skólaárs. Í framhaldinu var starfsaðstaða kennara endurbætt, þannig að allir kennarar sem þess óska eiga nú vinnuáðstöðu í skólanum. Einnig var komið upp nýrri setustofu fyrir kennara. Fartölvuvögnum var fjölgað og þeim komið fyrir á öllum hæðum skólans til að stytta leiðir. Þá var sett upp sturta fyrir starfsmenn sem hjóla í skólann.

Stefnumótunarvinna fór fram á starfsdögum kennara á vorönn, lögð drög að námsskipulagi bóknámsbrauta og kastað fram ýmsum hugmyndum um skólabrag og fyrirkomulag náms og kennslu. Vinnan hélt áfram á haustönn, en vegna pattstöðu í kjaramálum kennara tókst ekki að fylgja hugmyndum frekar eftir og er nú beðið eftir því að fjármagn fáiast í námskrárvinnu innan skólans.

Nám og kennsla var með hefðbundnum hætti. Mikil gróska er í erlendu samstarfi sem vilji er til að auka enn frekar, einkum á sviði starfsnáms, með gagnkvæmum nemenda- og kennaraskiptum og fjölgun tækifæra til að taka starfsþjálfun að hluta í öðru landi.

Þátttöku í verkefninu „Nám er vinnandi vegur“ sem hófst á hausti 2011 var fram haldið á árinu. Samtals 147 einstaklingar luku námi á vorönn og 194 á haustönn. Þar af voru 23 á framfærslustyrk á vorönn og 14 á haustönn. Á haustönn luku nemendur þessir að meðaltali 14-15 námseiningum, eins og sjá má í eftirfarandi töflu:

Hópur	Fjöldi	Meðaltal	Meðaltal
nemenda	nemenda	lokna e.	fallna e.
Á framfærslu	14	15,4	1,4
Ekki á framf.	180	14,2	3
Heildarfjöldi	194	14,3	2,8

Heildarfjöldi þreyttra eininga hjá hópnum var á haustönn 3317, þar af var 2767 einingum lokið, en 550 voru fall. Eins og eftirfarandi tafla sýnir var hlutfall lokinna eininga mun hærra hjá þeim hópi sem var á framfærslu en hinna, eða 92%:

Hlutfallslegur árangur NVV- nemenda á haustönn 2012					
Nemendur	Þreyttar	Loknar	Fallnar	Loknar	Fallnar
sem luku önn	einingar	einingar	einingar	vs. þrey	vs. þrey.
Á framfærslu	234	215	19	92%	8%
Ekki á framf.	3083	2552	531	83%	17%
Allir	3317	2767	550	83%	17%

Nokkrir hafa lokið prófi frá skólanum, 11 útskrifuðust í maí og 17 í desember 2012. Vel er haldið utan um hópinn, enda fékk skólinn fjármagn til að ráða námsráðgjafa vegna verkefnisins. Aukning í námsráðgjöf hefur skilað sér mjög vel fyrir skólann í heild, enda var bent á það í úttekt sem unnin var á vordögum 2011 að of mikið álag væri á námsráðgjafa skólans. Vonandi fær skólinn að halda lengur í ráðgjafann.

Skólinn hlaut, ásamt Verzlunarskóla Íslands, styrk til að þróa nýja Tölvubraut. Náð samstarf er við Samtök upplýsingatæknifyrirtækja (SUT), Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík við þróun námsins. Hefja á kennsluna haustið 2013.

Loks ber að nefna verulega aukningu í námsstuðningi í skólanum. Sérkennari er í námsveri í fullu starfi og einnig eru greinakennarar regluega í námsveri.

#### 4. Ársnemendaígildi

Samkvæmt fjárlögum 2012 fékk skólinn úthlutað 1262 ársnemendaígildum. Ekki tókst að skila þessum ígildum og því þurfti skólinn að skila til baka fjárframlögum um áramót. Taflan sýnir skiptingu ársnemendaígilda árið 2012:

FB 2012	Vor 2012	Haust 2012
Dagskóli	1076	1122
Kvöldskóli	120	120
Starfsbraut	33	35
<b>Samtals</b>	<b>1229</b>	<b>1277</b>
Ársnemendur	1253	
Ársnemendur fjárlaga	1262	
Mismunur	-9	

#### 5. Fjármál og rekstur

Á árabílinu 2009-2011 varð viðsnúningur á fjárhagsstöðu Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Þá tókst að greiða niður uppsafnaðan rekstrarhalla skólans sem í árslok 2008 nam kr. 112,5 milljónum, þannig að uppsafnaður rekstrarhalli skólans var kominn niður í rúma eina milljón í ársbyrjun 2012. Rekstrarárið 2012 snerist dæmið við á ný eins og sjá má í yfirliti yfir rekstur skólans á árabílinu 2009-2012 á næstu síðu.

Samkvæmt uppgjöri sýnist rekstrarniðurstaða ársins neikvæð um 24 milljónir. Launakostnaður hækkaði um 112 milljónir milli ára. Helstu skýringar eru þessar: Kjarasamningsbundnar launahækkningar 1. október 2011 og 1. mars 2012 þýða um 47 milljónir, aukið kennslumagn um 141 tíma, gerir tæpar 13 milljónir, aukin sérkennsla gerir um 1 milljón og 90 tíma aukning kennslumagns í kvöldskóla þýðir ríflega 16 milljón krónur. Þetta eru samtals um 77 milljónir. Rekstur Sumarskóla FB var felldur undir rekstur skólans, sem þýddi samtals 38,8 milljón króna viðbótar launakostnað sem var innheimtur með námskeiðsgöldum.

<b>Fjölbrautaskólinn í Breiðholti: rekstur 2009-2012</b>				
<b>Heiti</b>	<b>2012</b>	<b>2011</b>	<b>2010</b>	<b>2009</b>
Dagvinna	578.323.664	525.584.269	495.945.005	509.352.400
Vaktaálag	764.844	906.135	737.424	1.292.683
Aukagreiðslur	38.904.855	14.152.569	12.750.824	10.591.332
Yfirvinna	172.801.459	151.847.727	135.802.867	175.833.530
Launatengd gjöld	188.493.322	173.803.386	160.490.878	153.281.539
Laun og tengd gjöld	<b>979.288.144</b>	<b>866.294.086</b>	<b>805.726.998</b>	<b>850.351.484</b>
Fundir, námskeið og risna	1.293.623	1.381.306	730.101	634.363
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	631.732	216.799	155.390	310.650
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	7.274.458	3.829.404	4.043.809	4.254.187
Akstur	2.465.995	2.146.835	1.930.550	1.566.384
Ferðakostn.	<b>11.665.808</b>	<b>7.574.344</b>	<b>6.859.850</b>	<b>6.765.584</b>
Tímarit, blöð og bækur	1.800.491	935.142	907.412	1.236.515
Skrifstofuvörur og áhöld	8.167.939	9.886.335	6.833.703	7.280.119
Aðrar vörur (kennslufni)	24.139.473	21.146.881	19.416.876	24.267.637
Skrifstofuvörur og kennslufni	<b>34.107.903</b>	<b>31.968.358</b>	<b>27.157.991</b>	<b>32.784.271</b>
Önnur sérfræðipjónusta	16.906.744	14.323.844	15.573.722	26.475.584
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	3.424.968	1.677.381	3.817.242	5.088.308
Prentun, póstur, augl., flutningar	4.868.630	4.040.439	2.966.193	4.448.093
Sími og ýmis leigugjöld	7.435.739	6.903.057	9.279.786	6.496.965
Pjónusta	<b>32.636.081</b>	<b>26.944.721</b>	<b>31.636.943</b>	<b>42.508.950</b>
Verkkaup og byggingavörur	3.486.260	6.628.502	4.637.946	4.010.353
Rafmagn og heitt vatn	16.733.457	13.815.223	10.684.764	11.687.202
Húsaleiga og aðk. ræsting	130.648.523	126.696.778	113.179.948	107.132.716
Húsnæði	<b>150.868.240</b>	<b>147.140.503</b>	<b>128.502.658</b>	<b>122.830.271</b>
Brennslufni og olíur	188.506	265.009	85.268	168.223
Verkstæði og varahlutir	736.152	158.671	591.322	725.557
	<b>924.658</b>	<b>423.680</b>	<b>676.590</b>	<b>893.780</b>
Vextir, bætur, skattar	700.003	561.744	695.958	541.792
Eignakaup	25.146.406	24.859.943	17.895.526	27.569.964
Tilfærslur	445.784	357.000	338.000	175.000
Eignakaup	<b>26.292.193</b>	<b>25.778.687</b>	<b>18.929.484</b>	<b>28.286.756</b>
<b>Samtals gjöld</b>	<b>1.235.783.027</b>	<b>1.106.124.379</b>	<b>1.019.490.514</b>	<b>1.084.421.096</b>
Sértekjur	-145.407.431	-109.107.977	-80.756.803	-82.801.488
Aðrar rekstrartekjur	-20.244.400	-20.977.492	-36.887.816	-43.688.999
Framlag ríkissjóðs	-1.046.073.338	-1.002.277.350	-969.858.243	-974.765.490
<b>Samtals tekjur</b>	<b>-1.211.725.169</b>	<b>-1.132.362.819</b>	<b>-1.087.502.862</b>	<b>-1.101.255.977</b>
<b>Afgangur (-) / halli</b>	<b>24.057.858</b>	<b>-26.238.440</b>	<b>-68.012.348</b>	<b>-16.834.881</b>

## 6. Horft fram á veginn

Mörg mikilvæg úrlausnarefni bíða starfsfólks Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Við lítum bjartsýn fram á veg og viljum eiga þátt í að þróa íslenska framhaldsskóla til að undirbúa nemendur undir líf og starf á 21. öldinni.

Reykjavík 5.mars 2013,

---

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari